

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 143/1043*  
*komudagur 13.2.2014*

Reykjavík, 13. febrúar 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um umferðarljósamerkingar á matvæli 212. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu, hér eftir nefnd samtökin, gefa sameiginlega umsögn um ofangreint mál.

Svokallaðar umferðarljósamerkingar á matvælum hafa verið mjög umdeildar. Framleiðendum hugnast illa að merkja vörur sínar þannig að neytendum sé ráðlagt að sneiða hjá þeim og því ekki viljað nota slíkar merkingar. Samtök matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda í Evrópu, Fooddrink Europe, hafa tekið upp valfrjálsar merkingar, að eigin frumkvæði, sem sýna prósentuhlutfall (e: Guideline Daily Amount eða GDA) nokkurra efna (heildarorku, sykurs, fitu, mattaðrar fitu og salts) af því magni sem að meðaltali er ráðlagt að neyta yfir daginn. Þær merkingar eru orðnar nokkuð útbreiddar á innri markaði ESB. Bretar eru eina þjóðin sem hefur viljað halda umferðarljósunum til streitu og blandað þeim saman við GDA merkingarnar.

Dönsk stjórnvöld reyndu að taka upp umferðarljósamerkingar í trássi við vilja framleiðenda en féllu frá því þegar ljóst var að fáir yrðu til að nota merkingarnar. Þess í stað ákváðu þau að taka höndum saman við Norðmenn og Svía og taka upp norræna skráargatið sem opinbert hollustumerki. Íslensk stjórnvöld hafa nýlega gerst formlegir aðilar að því samstarfi og tekið skráargatið upp sem opinbert merki á Íslandi.

Um þessar mundir eru íslenskir framleiðendur að laga sig að kröfum skráargatsins og neytendur að kynnast notkun þess. Samtökin telja ekki tímabært að koma með annað merki, með sama tilgang og skráargatið, á meðan ekki er ljóst hvernig markaðurinn bregst við því. Of mikið merkjakraðak er ekki líklegt til að einfalda neytendum upplýsta valið.

Verið er að innleiða reglugerð Evrópuþingsins- og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda í íslenska löggjöf og tekur hún gildi í desember á þessu ári. Þá verða reglur um næringargildismerkingar matvæla skýrari en áður. Með þeim, skráargatinu og upplýstri umræðu allra hlutaðeigandi ætti okkur Íslendingum að auðnast að lesa RÉTTAR upplýsingar um næringargildi matvæla af umbúðum þeirra. Eitt merki í viðbót er ekki líklegt til að bæta við það. Samtökin leggja því gegn tillögu til þingsályktunar um umferðarljósamerkingar á matvæli.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS




Halldór Árnason,  
Hagfræðingur

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Ragnheiður Héðinsdóttir,  
forstöðumaður matvælasviðs

SAMTÖK VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU



Lárus M. K. Ólafsson, lögfræðingur